


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



TRÚNAÐARMÁL
POP SECRET ER NÚNA
ÁN TRANSFITU!

Á morgun er 11.11.11. Þýðir það ekki að maður verði að gera eitthvað eftirminnilegt?



Hlynur Ingólfsson, eða Hlynur í Skyttunum og Heiðdís Helgadóttir eru bæði nemendur í Listaháskóla Íslands og verða þau bæði á opna degi skólans á laugardaginn.

Það verður nóg um að vera á laugardaginn þegar nemendur Listaháskólans verða með opið hús fyrir alla þá sem hafa áhuga á list, í hvaða formi sem er.

„Það er rosalega sniðugt fyrir alla þá sem hafa áhuga á því að komast inn í skólann að fara og sjá öll verkefni sem krakkarnir í skólanum hafa verið að gera. Þannig er hægt að fá tilfinningu fyrir því sem er um að vera í skólanum og eins er hægt að sjá hvað þarf að hafa í huga til að komast inn í skólann. Það verður fólk frá öllum deildum og hægt verður að spyrja okkur nemendurna spjörum úr,“ segir Heiðdís Helgadóttir sem er á sínu síðasta ári í arkitektúr við LHÍ. Hún bætir kímín við í of sannfærandi tón að þetta verði bara „geðveikt gott dæmi.“

Fyrir þá sem hafa áhuga á því að rifja upp gömlu áhyggjulausu tímuna frá barnæsku þá verður mögulegt að kúbba um helgina. „Tveir íslenskir arkitektar eru í samstarfi með tveimur dönskum kollegum sínum og saman reka þeir stofuna KRADS. Þeir komu og kenndu okkur í vetur og okkur fannst þetta skemmtilegasti kúrsinn sem við höfum farið í. Þeir verða þarna og ætla að leyfa fólki að spreya sig á því að búa til það sem því dettur í hug með Lego-kubbum.“

Hlynur Ingólfsson, sem oftast er kenndur við rappsveitina Skytturmar frá Akureyri, er nemi á lokaári í grafískri hönnun. Hann hyggst lita við á laugardaginn en segist þó ekki ætla að rappa fyrir gesti. „En það verður samt nóg af tónlist hérna, maður er að heyra um það. Það verður lifandi

tónlist allan daginn,“ segir Hlynur og á þar við nemendur tónlistardeildar sem ætla að leika fyrir gesti.

Heiðdís og Hlynur eru góðir vinir og er Heiðdís staðráðin í að koma Hlyni aftur á fullt í rappbransann. „Ég bjó til aðdáendasíðu á Facebook fyrir Hlyn daginn og atvinnutilboðin hreinlega streyma inn eftir það. Ég held að það sé ástæðan fyrir því að Emmisjé Gauti hafi haft samband við hann.“ Hlynur er ekki alveg tilbúinn að taka undir það en staðfestir það að bráðlega munu þeir senda frá sér lag. „Það er hittari að fara að detta í gang fljótlega.“ Gauti birti myndir á Twitter-síðu sinni nýverið þar sem Hlynur sést ber að ofan í hljóðverinu. „Það er ekki annað hægt, maður verður að detta í stemmarann.“ j/rj

Feitast í blaðinu

Óskar Axel rappar opinskátt um eigin tilfinningar á sinni fyrstu plötu, *Maður í mótun*. >>>4

Annar þátturinn í undanúrslitum *Dans dans dans* fer fram á laugardaginn. >>>6

Bönn Péturs Jóhanns hlæja að honum þegar hann reynir að skamma þau. >>>11

Stillinn kíkti í fataskápin hjá **Aniku Laufeyju**, verslunarstjóra. >>>18

The Ides of March er frumsýning helgarinnar. Langar þig að vinna miða? >>>18

Efst í huga Monitor

Að sofna sáttur

Efst í huga Monitor þessa vikuna er vinátta og kærleikur. Það vill nefnilega oft gerast þegar dagarnir kólna og stytta að lundin verði óléttari. Þá á maður það til að ímynda sér að verkefni séu þyngri en þau eru í raun og veru og í kollinum finnast manni eins og álagið sé að aukast.

Þá er mikilvægt að staldra við og hugsa um allt það jákvæða sem maður á í lífinu, faðma það að sér og vera þakklátur fyrir það. Það versta sem maður getur gert er að láta það bitna á öðrum, betri leið er að fá aðra til að leysa úr vandanum með sér. Gott ráð er að hafa það sem reglu að fara aldrei að sofa ósáttur við fólkið í kringum sig.



Kveðja, Jón Jónsson

Monitor mælir með

FYRIR DANSARANN

Dubstep dans er merkileg list sem vert er að staldra við. Sennilega hafa fáir betra vald á henni en dansarinn Marquese Scott. Á YouTube er að finna myndbönd af þessum dansara sem eru svo ótrúleg að hver sá sem sér þau trúir vart eigin augum. Flettið honum upp, einn, tveir og þingó!



Í SJÓNVARPINU

Ríkissjónvarpið sýnir á hverju mánudagskvöldi ótrúlega þætti sem bera nafnið Human Planet eða Maður og jörð. Þættirnir fjalla um hvernig mannum hefur tekist að byggja sér heimili á ótrúlegustu stöðum jarðar og er myndefnið vægast sagt sláandi. Frábærir þættir fyrir unga sem aldna.

Á NETINU

Nýverið opnaði íslensk pókersíða, alltumpoker.com, sem er hugsuð sem fræðslusíða þar sem finna má allt um þetta vinsæla spil. Síðan er tilvalinn staður fyrir byrjendur til að kynna sér helstu trixín í bókinni áður en þeir demba sér út í heim pókers.



Vikan á ...

facebook

Marta María Jónasdóttir Þessu verði ég að deila með ykkur. Fékk þessi skilaboð í innhólfid hér á facebook: Hæ sæta. Ég fíla svona bollulegar stelpur. Ertu til í deit? 9. nóvember kl. 15:22

Vignir Freyr Andersen auglýsing í útvarpinu : “ÓVÆNTUR frægur leynigestur mætir á svæðið” Ég spyr : Hvað er ÓVÆNT við það þá ? 9. nóvember kl. 8:46

Simmi Vill Spakmæli dagins: Do not argue with an idiot. He will drag you down to his level and beat you with experience. 8. nóvember kl. 15:21

Einar Bardarson Það hefði sparað okkur hjónunum einhverja auranna hefði ég séð þennan Toys'r'us bæklings áður en dóttir mín komst í hann. hahaha það hefði sparað peninga og tár hahaha 8. nóvember kl. 14:11

VARÐ AÐ BÍÐA EFTIR ÞESSARI DAGSETNINGU

Þú ert að gefa út þína fyrstu plötu, Maður í mótun. Hver er saga þessarar plötu?
 Saga plötunnar er í raun bara sagan á bak við mig. Hún segir sig svolítið sjálf, þetta eru mín mótunarár. Í gegnum unglingsárin mín hef ég verið að semja texta á fullu og smám saman fór ég að sjá heildarútlit yfir þessu og mig fór að langa að gefa út plötu sem væri sagan mín frá þessum árum. Hún er dálítið persónuleg og ég tala þarna mjög opinskátt um líf mitt. Ég hef fengið fólk í lið með mér til að þróa tilfinningararnar út í taktana en segi síðan sögurnar sjálfur.

Getur þú nefnt eitthvað dæmi um lag eða texta eftir þig sem tekur á einhverjum sérstökum atburði í lífi þínu?

Já, til dæmis mætti nefna lag sem heitir Erfiðir tímar og er síðasta lagið á plötunni. Það er lag sem ég skrifaði fyrir hrúnið á mínum erfðu tímum. Þetta voru mín síðustu grunnskólaár, þá upplifði ég dálítið þunga kafla og þegar hrúnið skall á sá ég marga í svipuðum aðstæðum og ég hafði verið. Fjölskyldan mín missti heimilið, við vorum nýbúin að kaupa einbýlishús í Mosfellsbæ sem fuðraði síðan upp í eldsvoða ásamt miklu innbúi, þannig að við misstum gífurlega mikið á þessum tíma og þurftum eiginlega að byrja upp á nýtt.

Var lagt upp með það frá byrjun að platan kæmi út 11.11.11?
 Platan átti reyndar upphaflega að koma út aðeins fyrr en í sumar vorum við að skoða

einhverjar mögulegar dagsetningar með það í huga hvenær skólarnir væru komnir á skrið aftur og þegar ég sá þessa dagsetningu varð ég bara að vera þolinmóður og bíða með útgáfunni. Maður gefur ekkert út sína fyrstu plötu á hverjum degi og platan hefur tekið í kringum tvö ár í undirbúningi.

Platan heitir eins og áður sagði Maður í mótun. Þegar platan verður komin út, markar það þá að mótun þinni sé lokið?
 Það mætti segja það. Það er til dæmis lag þarna sem heitir Ástfangi sem fjallar um ákveðinn atburð í mínu lífi. Þegar hann átti sér stað þá var ég að upplifa eitthvað í fyrsta skipti á ævinni minni og vissi ekki einu sinni að þessi andlegi sársauki væri til, ég varð að koma þessu frá mér. Ég skrif-

aði þennan texta og fékk fólk til að hjálpa mér að koma þessu í réttan búning. Mig langaði að þegar fólk heyrði lagið þá myndi virkilega heyra hvernig mér leið. Ég sættist alveg við þessa stelpu, tíminn leið og ég hafði fyrirgefið henni, en mér fannst ég ekki getað sagt almennilega skilið við þetta fyrr en lagið var tilbúið. Þá fékk ég þessa tilfinningu eins og þetta væri ekkert að há mér lengur. Þetta var ógeðslega þægilegt, að geta notað tónlistina í að koma svona hlutum af sér og deilt því með heiminum. Þetta er það sem mig langaði að gera með plötunni, koma svona hlutum frá mér og þegar platan er komin frá mér má svo sem segja að þessi kafli í lífinu mínu sé kominn á bak við mig.

elg

Rapparinn Óskar Axel Óskarsson sendir frá sér sína fyrstu plötu á föstudaginn, þann 11.11.11. Platan ber nafnið **Maður í mótun** en með útgáfunni segist hann að vissu leyti slíta sig frá unglingsárunum.

ÓSKAR AXEL Á 60 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 240691.


Staða: Nemi við Borgarholtsskóla.

Upphaldsmatur: Krua Thai.

Upphaldstónlistarmaður: Kid Ink.

Upphaldslag úr eigin smíðu:

Talandi við sjálfan mig, það er dálítið djúpt og tekur á tveimur hlöðum á sjálfum mér.



Colonel's
**Original
Recipe**

BOXMASTER™

máltíð
mánaðarins
á kfc

meðlæti
og gos



999
kr.



BOXMASTER™



svooogott™

0g
trans-
fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSI

Dans dans dans #2

Sjónvarpsþátturinn **Dans dans dans** heldur göngu sinni áfram um helgina. **Monitor** tók púlsinn á keppendum næsta laugardags sem tilheyra öðru holti undanúrslita.

BRYNJA PÉTURSDÓTTIR

Aldur: 27 ára.
Staða: Danskennari og eigandi dansfatalínu.
Reynsla af dans: Hef farið til New York á hverju ári síðan 2006 að læra. Hef einnig lært í London, París, Stokkhólm og Helsinki.
Dansstíll: Hip hop/break/popping
Upphaldsdansbímynd: Engin, þær eru allar hrikalegar (hlær).
Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Ef það er nógu fönki og grúví þá er ég komin á dansgólfið.
Markmið í keppinni: Að hafa gaman og sýna street-dans á Íslandi.



Karl Emil

KARL EMIL KARLSSON

Aldur: 18 ára.
Staða: Nemi í Flensborgarskólanum og starfsmaður Krónunnar.
Reynsla af dans: Sjálfærður dansari.
Dansstíll: Shuffle og tecktonik.
Upphaldsdansbímynd: Footloose, nýja útgáfan.
Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Sexy and I Know It.
Markmið í keppinni: Að sýna Íslandi að ég sé besti dansarinn.



Brynja og Natasha

ELLEN MARGRÉT BÆHRENZ

Aldur: 18 ára.
Staða: Nemi í Listdanskóla Íslands og Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Reynsla af dans: Hef æft ballett frá 3 ára aldri og lenti meðal annars í 3. sæti í Stora Daldansen í Svipjóð.
Dansstíll: Ballett og nútímadans.
Upphaldsdansbímynd: Mao's Last Dancer.
Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Ég fíl' að dilla dilla.
Markmið í keppinni: Að gera mitt besta.

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR

Aldur: 16 ára.
Staða: Nemi á listdansbraut í Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Reynsla af dans: Hef lært ballett frá 12 ára aldri í Ballettskóla Eddu Scheving og Listdanskóla Íslands.
Dansstíll: Ballett og nútímadans.
Upphaldsdansbímynd: Grease.
Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Countdown með Beyoncé.
Markmið í keppinni: Að skemmta mér og auðvitað að vinna.



Ellen Kristjáns

Ellen Margrét

ÁSDÍS INGVAÐÓTTIR

Aldur: 30 ára.
Staða: Starfandi danskennari JSB.
Reynsla af dans: Hef æft dans og tekið þátt í hinum ýmsu sýningum frá fimm ára aldri.
Dansstíll: Jazz.
Upphaldsdansbímynd: Staying Alive með John Travolta.
Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Stanslaust stuð með Páli Óskari.
Markmið í keppinni: Bara að hafa ógeðslega gaman.

AÐALSTEINN KJARTANSSON

Aldur: 21 árs.
Staða: Blaðamaður.
Reynsla af dans: Fyrrum margfaldur Íslands- og bikarmeistari í samkvæmisdönsum.
Dansstíll: Rumba.
Upphaldsdansbímynd: Strictly Ballroom.
Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Öll tónlist í heiminum.
Markmið í keppinni: Fá þjóðina til að gráta.



Rakel og Aðalsteinn



ATP



DANS - DANS - DANS

Á LAUGARDAGSKVÖLDUM KL. 19.40

Af hverju lögfræði og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Ég hafði alltaf hugsað mér að verða tónlistarkennari en svo langaði mig í háskólanám og ákvað að prófa lögfræðina og líkar hún mjög vel.

Hvað er skemmtilegast og hvað er leiðinlegast?

Skemmtilegast er fjölbreytnin og réttarsviðin eru ólík. Hún býður upp á margt og það er auðvelt að tengja hana við það sem er um að vera í daglegu lífi. Það er ekkert sem mér dettur í hug sem er leiðinlegast.

Hversu langt er námið?

Það tekur 3 ár að klára BA-námið og masters-námið tekur 2 ár. Þannig að í heildina eru það 5 ár sem þarf að klára til að geta aflað sér héraðsdómslögmannsréttinda. Þú getur sett saman námið þitt í meistaranáminu og valið kúrsa í takt við áhugasvið.

Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Í dag er það 100%. Ég er í fullu laganámi og svo er ég formaður Lögréttu sem er félag laganema við HR. Síðan er ég að vinna á LEX lögmannsstofu, svo að allur minn tími og orka fer í lögfræðina.

Framtíðarmöguleikar sem lögfræðingur?

Mér líkar mjög vel við að öðlast reynslu á lögmannsstofu. Svo finnst mér réttarfar mjög áhugavert, eins og einkamálaréttarferið og sakamálaréttur, þannig að það heillar mig að starfa við ákærvaldið. Það væri gaman að starfa hjá ríkissaksóknara.

Hvernig er félagslífið?

Félagslífið er æðislegt. Hjá okkur eru hefðbundnar vísindaferðir og svo er raunveruleg árshátíð Lögréttu kölluð humarhátíðin og við höldum hana um daginn á Fjöru- borðinu á Stokkseyri. Svo eru grímuböll, jólaböll, golfmót og fleira skemmtilegt. Einnig er nóga að gera í fræðilegu hliðinni og við höldum málfundi og annað gagnlegt. Félagslíf og bækur þurfa að haldast í hendur, maður þarf að geta fengið sér aðeins á milli þess sem maður er að lesa.

ÓMAR BERG RÚNARSSON

Árgerð: 1988.
Nám: Lagadeild HR.



Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Ég bjó í tvö ár í Kína eftir að ég kláraði grunnnámið og þegar ég flutti heim hafði HR samband við mig og spurði hvort þetta væri ekki tilvalið framhald. Ég ætlaði líka alltaf í áframhaldandi nám og það kom ekkert annað til greina en HR.

Skemmtilegast og leiðinlegast?

Mér finnst gaman hvað það eru margir góðir kennarar sem koma að utan. Einnig finnst mér skipta máli að geta gert raunverkefni fyrir raunveruleg fyrirtæki. Það er svo mikilvægt að geta tekið að sér verkefni úti í atvinnulífinu og hafa reynslu af því úr skólanum. Ég hef ekkert neikvætt út á námið að setja.

Hversu langt er námið?

Meistaránámið er 2 ár en grunnnámið er 3 ár.

Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Á meðan maður er í námi þá er þetta full vinna. Þetta er svoltið kennt í lotum í meistaranáminu. Þegar kennarar koma erlendis frá þá eru þetta oft tarnir frá fimmtudegi til sunnudags en það kemst fljótt upp í vana.

Framtíðarmöguleikar með gráðu í viðskiptum?

Ég er að flytja út að vinna og það finnst mér mjög jákvætt.

Hvernig er félagslífið?

Það er öðruvísi í meistaranáminu heldur en í grunnnáminu. Ég persónulega get ekki farið í allar vísindaferðirnar eða eitthvað þvímúlikt af því að ég á strák sem ég þarf að sjá um. En hópurinn er mjög skemmtilegur og við gerum margt skemmtilegt saman. Við förum oft út að borða með kennurunum sem koma að utan og maður myndaði mjög nán tengsl við hópinn sinn. Meirihluti verkefnanna er hópavinna og því mikilvægt að við náum vel saman.



ANNA KRISTÍN ROSENBERG

Árgerð: 1977.
Nám: Meistarnám í kínversku og alþjóðaviðskiptum.

Hár Rétt ákvörðun

Ungmönnum stendur margt til boða þegar kemur að námi. Monitor ræddi við nemendur úr Háskólans í Reykjavík frá ýmsum deildum.



ÁSLAUG EIRÍKSDÓTTIR

Árgerð: 1982.
Nám: Meistarnám í tölvunarfræðideild.

Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Ég er svona típísk stelpa sem hélt að ég ætti ekkert í þessa stráka sem lærðu örugglega forritun á sama tíma og þeir lærðu að smyrja brauð. En svo af því að ég var starfsmaður hjá HR fékk ég að taka nokkra kúrsa að eigin vali og ég smám saman leiddist út í tölvunarfræðina.

Skemmtilegast og leiðinlegast?

Maður fær verkefni og hugsar fyrst hvernig í ósköpunum maður eigi að leysa þau og það er skemmtilegast að leysa verkefni á endanum og sigrast á áskorunum. Án þess að það sé leiðinlegt þá getur samt álagið verið mikið á köflum.

Hversu langt er námið?

Af því að ég er ekki með grunngráðu úr tölvunarfræði þá þarf ég að bæta við mig sem samsvarar einu ári og því verð ég 3 ár að klára en að öllu jöfnu þá er meistaranámið 2 ár.

Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Er til eitthvað annað líf? Þegar maður leggur saman skólann og fjölskylduna þá er mjög lítið eftir.

Framtíðarmöguleikar sem tölvunarfræðingur?

Ég sé þetta í samhengi við grunngráðuna mína í upplýsingafræði því það er svo mikill kostur að hægt sé að tengja tölvunarfræðina við svo margt. Gagnagrunnar eru mitt áhugasvið eins og er en möguleikarnir eru margir og maður er alltaf að sjá möguleika út í önnur fræði.

Hvernig er félagslífið?

Félag tölvunarfræðinema, Tvíund, er mjög virkt. Þó ég eigi fjölskyldu og geti ekki sleppt mér í félagslífinu þá er mjög mikilvægt að komast í gegnum námið með því að hafa gott fólk í kringum þig og það er mjög mikilvægt að geta kynnst fólki í gegnum félagslífið.



GRÉTAR ATLI GRÉTARSSON

Árgerð: 1988.
Nám: Grunnám í hátækniverkfræði.

Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Ástæðan fyrir því að ég fór í þetta nám var sú að þetta heldur nánast öllum möguleikum opnum. Ég á auðvelt með stærðfræði og vissi það í raun alltaf að ég færi út í eitthvað verkfræðilegt. Hátækni er mjög spennandi kostur því fagið er í raun á milli rafmagnsverkfræði og vélaverkfræði.

Skemmtilegast og leiðinlegast?

Skemmtilegast er félagslífið og andinn í kringum allt í HR. Ég var í bekkjarkerfi í Verzló og hér hefur myndast svipuð stemning og þar. Við erum mjög fá í hátækniverkfræðinni og erum öll orðin mjög miklir viðir. Svo heillar eðlisfræðin og stærðfræðin mig. Leiðinlegast er svo álagið sem getur verið frekar mikið stundum. Svo getur þú ekki spurt mig út í reglunarfræði því ég hef enn ekki náð því hvað það er.

Hversu langt er námið?

BS-námið er þrjú ár. Þá er hægt að fara í master í rauninni hvaða verkfræði sem er. Ég tek mikið val í rekstrarverkfræði því það heillar mig að fara í þá áttina í framhaldsnáminu. Svo eftir mastersnám er hægt að kalla sig verkfræðing. Hversu stór hluti af lífi þínu er námið? Ég myndi segja að námið sé svona 80% af mínu lífi núna. Líf mitt er lítið annað en skóli, fótbolti og félagslífið í skólanum þessa dagana.

Framtíðarmöguleikar með gráðu í hátækniverkfræði?

Það er mögulegt að fara í gott framhaldsnám í virtum háskólum víðsvegar um heiminn og svo eru mörg tækifæri sem opnast í atvinnulífinu.

Hvernig er félagslífið?

Félagslífið er frábært. Pragma, félag verkfræðinema, er mjög virkt og gott. Hér eru vísindaferðir í hverri viku og árshátíð og allt utanumhald er gott. Fólk er almennt í góðum fling og án þess að særa neinn þá held ég að Pragma sé virkasta nemendafélagið innan skólans.



BIEBER HEFÐI KANNSKI ÁTT AD SYNGJA BILLIE JEAN, „THE KID IS NOT MY SON“



JESSIE J SPLÆSTI Í DJASSFINGUR



HAYDEN PANETTIERE VAR TRUFLUÐ AF STRÍPALINGI



QUEEN HLAUT HEIÐURS-VERÐLAUN Á HÁTÍÐinni



Bieber Með Tvenn Verðlaun

Verðlaunahátíðin **MTV Europe Music Awards** fór fram á sunnudagskvöldið síðastliðið í **Belfast, Norður-Írlandi**. Monitor tók saman nokkrar góðar myndir frá stjörnum prýddri hátíðinni.

Það var höfuðborg Norður-Írlands, Belfast, sem hósti MTV Europe Music Awards sem fram fór á sunnudagskvöldið síðastliðið. Ótvíræður sigurvegari kvöldsins var hin sérvitra Lady Gaga en hún sópaði til sín fernum verðlaunum, sem besta söngkonan, fyrir besta lagið, besta myndbandið auk þess sem hún fékk aðdáendaverðlaun hátíðarinnar. Justin Bieber fór heim með tvenn verðlaun í farteskinu en kærasta hans, Selena Gomez, var kynnrir hátíðarinnar ásamt David Hasselhoff.



SELENA GOMEZ TÓK SIG VEL ÚT SEM KYNNIR



HVER Á ÞESSI VERÐLAUN? ESSASSÚ, LADY GAGA?



ÞEIR ERU KYNNOKKAFULLIR OG ÞEIR VITA AF ÞVI



MARS BÚINN AÐ STILLA SÉR UPP



KATY PERRY MÆTTI MEÐ SOLLU STIRÐU HÁRKOLLUNA SÍNA



Höndlaröu hitann?



TYRKISK PEBER VOLCANO - MJÚKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL

THE ORIGINAL
TYRKISK PEBER

Pétur Jóhann Sigfússon hefur sérlegan áhuga á fellihýsaferðalögum og á erfitt með að vera alvarlegur án þess að fólk hlæi að honum. Hann sagði **Monitor** frá meintum tvíförum sínum, lífinu sem „vinur Sveppa“ og ástinni sem blómstraði á Netinu.

*Er einhver
með númerið hjá*
Will Smith?

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Listin að koma fólki til að hlæja getur verið vandasöm list. Þá list virðist þó Pétur Jóhann fara létt með enda nægir það eitt að sjá manninn oft og tíðum til að gleðja mann. Hann er jarðbundinn og augljóslega skemmtilegur maður sem í lengdist ekki sem starfsmaður í BYKO heldur ruddist inn í skemmtanageirann og á fyrir vikið þakkir skilið frá allri íslensku þjóðinni.

Varst þú brandarakarlinn í bekknum þegar þú varst lítill?

Nei, ég held að ég hafi nú kannski ekki beint verið brandarakarlinn, með greini, í bekknum en ég var svona gleðigjafi. Ég hef oft hitt gömlu bekkjarsystkinin mín eftir að ég fór að starfa í þessum geira og yfirleitt segjast þau lítið hafa tekið eftir mér. Ég lét lítið fyrir mér fara en það voru fáir útvaldir í skólanum sem maður fíflaðist við. Ég var ekki að trana mér mikið fram og var ekki í skemmtinefnd, að sjá um árhátíðina né þekktur fyrir að vera einhver trúður.

Hvenær varð þér ljóst að þú yrðir gleðigjafi að atvinnu?

Ég var alltaf með augastað á því en var bara ekkert að flagga því mikið. Það var kannski meira af því að ef það skyldi mistakast þá kæmi það svo bjánalega út. Ég vissi í rauninni alltaf hvað ég vildi og leiklistin heillaði alltaf, maður horfði mikið á bíómyndir og svona þegar maður var ungur.

Þú reyndir síðan við leiklistarskólann en fékkst ekki inngöngu. Eftir að hafa leikið í öllum þessum þáttum og bíómyndum síðan þá, finnst þér hafa tekist að senda fólkinu sem hafnaði þér þá langt nef?

Nei, ég horfi alls ekki þannig á þetta. Það er og hefði verið mjög hollt að fara í skóla en ég var svolítill haugur þegar ég var að alast upp og þegar ég sótti um. Bara af því að ég komst ekki inn í fyrstu tilraun þá fór ég strax í einhverja vörn eða fýlu. Þá hélt ég að ég væri kannski bara á einhverjum villigötum og ætlaði að fara að læra flug en svo dagaði ég einhvern veginn uppi í BYKO.



FYNDNASTUR ALLRA LANDSMANNA

Pétur Jóhann hreppti titilinn fyndnasti maður Íslands í samnefndri uppistandskeppni árið 1999. Keppnin var fyrst haldin árið áður en þá sigraði keppnina Sveinn Waage. Eftir sigurinn lá leið Péturs í útvarp þar sem hann stýrði skemmti-þættinum Ding dong með Dodda litla. Þess má til gamans geta að umrædd keppni, sem hefur einungis verið haldin einu sinni á síðustu sjö árum, fer einmitt fram í kvöld.

Hvað kom til að þú kepptir í keppninni um fyndnasta mann Íslands?

Ég var ekki búinn að kynna mér uppistand neitt að ráði en hafði séð keppnina árið áður. Svo gerði ég þau mistök, eða kannski voru það ekki mistök, að segja við vini mína: „Ég ætla að taka þátt í þessu á næsta ári, maður.“ Þeir létu mig standa við það, ég gat náttúrulega ekki bakkað út úr því.

HRAÐASPURNINGAR

Fyrstu sex: 210472.

Uppáhaldsmatur: Lambahryggur upp á gamla mátann.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Hausinn á mér, það er góður staður.

Uppáhaldsgrínmynd: Planes, Trains and Automobiles.

Helsti kostur: Jákvæðnin.

Helsti ókostur: Ég er óstundvís.



Hvernig var að bera þennan mikla titil, var pressa í því fölginn?

Já, í rauninni eða allavega fyrst af því að maður var alltaf kynntur á svið með þennan titil. Eftir þetta var mikið að gera, það var verið að fá mig á árhátíðir og alls kyns mannfagnaði og þá var maður kynntur inn: „Við skulum taka vel á móti fyndnasta manni Íslands.“ Þá var strax einhvern veginn búið að búa til ákveðið andrúmsloft sem maður varð að standa undir. Eftir því sem ég fór að verða vanari að koma fram þá fór maður svolítið að nýta það og gera grín að þessu. Ég meina, það voru náttúrulega bara fimm í dómnefnd í þessari keppni sem ákváðu það að ég væri fyndnasti maður Íslands, það er mjög skrytið. Í rauninni ætti að vera þjóðaratkvæðagreiðsla þegar það væri verið að ákveða hver sé fyndnasti maður Íslands. Það virkaði ágætlega enda kann fólk alltaf að meta þegar maður gerir grín að sjálfum sér.

Maður getur ímyndað sér að þegar maður er fyndnasti maður Íslands sé mikið verið að biðja mann um að segja brandara eða vera fyndinn. Er það algengt núna að fólk sé alltaf að biðja þig um að segja eitthvað fyndið?

Já, en það er eiginlega miklu algengara að fólk sé alltaf að segja mér brandara. Þá segir það: „Heyrðu, þú varst helviti góður en ég má til með að segja þér einn helviti góðan sem ég heyrði um daginn,“ og segir mér síðan einhvern brandara. Síðan man maður ekki helminginn af þessum bröndurum þótt mér sé yfirleitt gefinn kostur á að nota þá (hlær). Þegar maður er veislustjóri einhvers staðar er maður iðulega króaður af og þá eru menn alltaf eitthvað: „Heyrðu, er ekki búið að segja þér frá honum Axel á lagernum? Hann er búinn að keyra á fimm sinnum á árinu, bíllinn er allur krambúleraður eftir hann. Þú verður nú eiginlega að skjóta aðeins á hann.“

Oft finnst manni eins og þú þurfir ekki einu sinni að segja neitt til að vera fyndinn. Hver er galdurinn að fá fólk til að hlæja?

Annar fótleggurinn á mér er eitthvað aðeins styttri þannig að ég hlýt að labba

Ég meina, það voru náttúrulega bara fimm í dómnefnd í þessari keppni sem ákváðu það að ég væri fyndnasti maður Íslands, það er mjög skrytið. Í rauninni ætti að vera þjóðaratkvæðagreiðsla þegar það væri verið að ákveða hver sé fyndnasti maður Íslands.



eitthvað asnalega. Ég lít á það sem helbera móðgun þegar fólk hlær svona að mér. Nei, nei, ef ég vissi galdurinn þá myndi ég opna þennan grínskóla sem þú varst að spyrja mig út í. Ég reyni bara að fylgja minni sannfæringu og tala um eitthvað sem mér finnst spaugilegt eða fyndið og stundum hittir það í mark en það hittir alls ekkert alltaf í mark. Ég hef oft lent í því að það hlæja ekkert allir eða bara enginn. Þegar maður lendir í því þá reynir maður að átta sig á hvað gerði það að verkum að enginn hló og taka það efni út og búa til eitthvað nýtt. Þannig virkar uppistandið. Það eru árshátíðir, þorablót og alls kyns mannfagnaðir og það er voða erfitt að vera með sama prógrammið úti um allt. Kannski kemurðu á karlakvöld og þá verðurðu kannski að vera dálítið grófur, sömuleiðis á konukvöldi, en svo kemurðu allt í einu á árshátíð Hampiðjunnar og þar er allur aldurs hópur og þá þýðir ekkert fyrir þig að vera með sama efni og á karlakvöldinu. Þetta er bara limbó og það er það sem gerir þetta skemmtilegt.

Leggst uppistandari í þunglyndi þegar brandarnir hitta ekki í mark?

Það er örugglega persónubundið. Ég fer kannski á mega bömmur um kvöldið sjálf. Á leiðinni heim er ég grátandi undir stýri á Terrano-inum með pening í rassvasanum en svo er ég búinn að gleyma því daginn eftir.

Þegar þú vinnur við það að fá fólk til að hlæja, kemur þá aldrei fyrir að það sé erfitt fyrir þig að fá fólk til að taka þig alvarlega?

Maður rekur sig á það inni á milli. Það gerist ekki oft, en ef það gerist, þá gerist það til dæmis í bankanum. Þá mætir maður kannski til einhvers þjónustufulltrúa að biðja um tilboð í tryggingar þá fer hann bara að hlæja að manni. Ég segi þá kannski: „Nei, í alvöru, ég þarf að fá vitrænt tilboð í þetta, annars fer ég bara með viðskiptin mín annað“, og þá fer hann bara að hlæja ennþá meira. Það eru svoleiðis aðstæður, þar sem maður ætla að vera ákveðni gæinn. Fólk biðst þá reyndar oftast afsökunar og segir: „Æ, fyrirgefðu, mér finnst þú bara svo fyndinn þegar þú byrstir þig“, sem er alveg fyndið, ég get vottað fyrir það. Meira að segja börnin mín fara að hlæja þegar ég ætla að vera reiður. Þá kem ég kannski inn í herbergi og góla: „Hey, það þarf að taka til herna, þetta er eins og í svínastíu!“ og svo þegar ég fer aftur út og loka, þá springa þau úr hlátri.

Á netinu má heyra goðsagnakennt símaat frá Ding dong-árunum þar sem þú segir lögreglumanni að halda kjafu og fara í rassgat. Hafði þessi símahrekkur einhverjar afleiðingar?

Nei, engar. Ef ég man rétt vorum við reyndar kannski kallaðir til yfirmanns okkar, yfirmanns útvarpssviðs, og við beðnir um að gera ekkert í líkingu við þetta aftur. Við vorum alltaf í einhverju svona, vorum til dæmis í keppnum um það hvað við gætum haldið fólki lengi á línunni þótt værum að bulla í þeim. Við hringdum í eitthvað handahófskennt fólk og máttum til dæmis bara segja orðin „hvaða helvítis“ og ekkert annað. Það gat oft farið upp í fimm, sex mínútur.

Árið 2004 gekkst þú til liðs við Audda og Sveppa og gerðist einn af stjórnendum 70 mínútna, seinna Strákanna. Félst þú strax inn í hópin einn og flís við rass eða gerðu þeir þér lífið leitt til að byrja með?

Þeir voru báðir, og eru, alveg yndislegir og við höldum ennþá miklu sambandi. Það var Auðunn Blöndal sem kveikti þessa hugmynd að ég gengi til liðs við þá. Ég fór upphaflega bara til þeirra tveggja í viðtal í þættinum þeirra en þeir voru einmitt búnir að

vera að leita að þriðja manni. Svo þegar ég var búinn að vera í viðtalinu þá kviknaði þessi hugmynd hjá Audda um hvort ég væri ekki klár í að vera með þeim. Ég þurfti nú aðeins að hugsa mig um, enda fannst mér mjög skemmtilegt í útvarpinu, og hafði verið dálítið rægur við að prófa nýja hluti en ég var náttúrulega búinn að vera að vinna með Audda og Sveppa í Svínasúpunni. Að lokum ákvað ég því að kýla á þetta og hef ekki séð eftir því.

Þættirnir voru gífurlega vinsælir á meðal yngri kynslóðarinnar. Þurftir þú að fara að haga þér eins og fyrirmynd unga fólksins eftir að þú byrjaðir í þáttunum?

Já, óbeint þurfti ég að gera það. Það var samt ekkert flókið, ég reyni yfirleitt að haga mér sæmilega og þurfti því í rauninni ekki að breyta neinu. Ég var samt alltaf bara þekktur sem „vinur hans Sveppa“ af krökkunum. Sveppi er einhvern veginn svo mikil krakkafígúra, með krullaða hárið og þéttvaxinn. Ég var allavega alltaf að lenda í því að vera að labba einhvers staðar og þá heyrði maður í litilli stelpu: „Mamma, mamma! Þetta er vinur hans Sveppa! Halló vinur hans Sveppa!“ (hlær). Þessir krakkar nenntu ekkert að leggja nafnið mitt á minnið. Það var auðvelt að muna nafnið „Sveppi“, og þessi gæi þarna var bara vinur hans.

WILL SMITH HREIFST AF KETTINUM



Árið 2005 héldu þremmingarnir Auði, Pétur Jóhann og Sveppi út til London á blaðamannafund með stórleikaranum Will Smith þegar verið var að kynna rómantisku gamanmyndina Hitch. Á blaðamannafundinum beindist fjótlega öll athygli að tríoinu enda létu þeir ekki eins og hefðbundnir blaðamenn. Meðal annars spurðu þeir Smith hvort hann ætti sér einhvern leyndan hæfileika, og vísuðu í hæfileika Péturs í að herma eftir ketti sem dæmi um slíkt. Stórleikaranum fannst mikið til kattareftirhermunnar koma og sagðist ætla að redda Pétri pláss í spjallþætti David Letterman. Sjálfur sagðist Will Smith frábær í að gripa vinber með munninum. Horfa má á blaðamannafundinn á YouTube.

Þið stáluð eftirminnilega senunni á blaðamannafundi með Will Smith í London þar sem hann lofaði meira að segja að koma þér í David Letterman. Hefur þú ekkert rukkað hann um að efna það?

Nei, ertu með númerið hjá honum? Það má endilega koma því aftur í gang, ég væri meira en til í að koma og gera köttinn í Letterman. Þetta var góður blaðamannafundur, við fórum á nokkra svona í tengslum við Strákana. Það var alltaf spennu og gaman, við vorum alltaf hálfpartinn búnir að plana hvað við ætluðum að gera en svo fór það bara út um gluggann þegar við mættum inn. Það er allt svo formlegt þarna, það eru lifverðir og allir að passa upp á ímyndir stjarnanna og það má voðalega lítið út af bregða. Allir blaðamennirnir eru búnir að undirbúa sig alveg í bak og fyrir og þess vegna var svo gaman að láta eins og trúðar þarna. Allt fólk varð svo hissa, að við værum að misnota þetta rosalega tækifæri til að hitta einhverjar goðsagnakenndar persónur í einhvern fíflagang, köttinn og eitthvað rugl.

Í þáttunum var stundum grínast með að þú værir líkur Elton John. Hvernig kunnir þú við þá viðlíkingu?

Þetta byrjaði víst einhvern tímann þannig að við Elton John vorum tvífarar vikunnar í einhverju blaði, það var kveikjan að þessu. Ég var reyndar líka einhvern tímann tvífari vikunnar með öðrum manni, honum Ármanni Reynissyni vinjettugæja (hlær). Það er mjög fyndið að vera tvífari Ármanns Reynissonar en ég var meira skotinn í því að vera tvífari Elton John.

Af hverju byrjaðir þú á sínum tíma að herma eftir Jóni Ársæli?

Það var eiginlega Bjarni æskuvinur minn sem byrjaði að gera grín að honum og við fórum síðan báðir að herma eftir honum að einhverju leyti. Bjarni byrjaði og svo stal ég þessu eiginlega bara af honum svo ef þú ert að lesa þetta, elsku Bjarni minn, þá áttu pening inni hjá



ÞRÍFARAR VIKUNNAR?

karlinum. Svo fannst Audda Blö þetta svo ógeðslega fyndið, við vorum einmitt á þessum tíma að gera grín að öðru sjónvarpsefni, svo ég lét til leiðast að taka Jón Ársæl nokkrum sinnum í þeim lið þáttarins. Jón Ársæll sagði einu sinni sjálfur að ástæðan fyrir því að honum fyndist þetta í lagi væri af því að ég næði honum svona vel og bætti við að hann væri í raun farinn að herma eftir mér.

Sóttir þú eitthvað í reynsluna frá BYKO-árunum þegar þú túlkaðir starfsmann á plani á bensínstöð?

Nei, í rauninni ekki. Ég sótti náttúrulega í FM-heiminn. Ég vann á FM957 í tvö og hálf ár og þar er þessi frasaheimur, menn segja þúsund orð í einni setningu eða helst meira að segja í einu orði. Þælingin var að hann væri þannig týpa að hann gæti aldrei orðið svona gæi, sama hvað hann reyndi, og það heillaði mig. Hann væri bara „wannabe“ starfsmaður á FM og „wannabe“ umboðsmaður.

Eftir að þættirnir slógu í gegn hefur það trúlega verið daglegt brauð að fólk stoppaði þig úti á götu til að fara með einhvern frasa úr þáttunum. Var það þreytandi?

Nei, nei, ég hef nú umburðarlyndi gagnvart svona og lét þetta aldrei fara í taugarnar á mér. Ég held að maður eigi bara að vera þakklátur fyrir það ef fólk er ánæggt með það sem þú ert að gera, fólk lýsir ánægjunni svona. Menn voru kannski að bera stóran kassa af eyrnapippum í Hagkaup og kölluðu svo eftir manni: „Já sæll, eigum við að ræða það eitthvað eða?“, það er bara vinalagt. Svo fékk ég ófá símtöl þar sem menn voru í partí og hringdu í mig: „Heyrðu Pétur, nennirðu ekki að segja „já sæll“?“ og ég bara: „jú, ertu með stillt á spíker?“ og lét svo vaða og þá sprakk allt partíð úr hlátri (hlær).

Þú ert fyrst og fremst þekktur sem grínisti þótt Vakta-seriurnar hafi oft og tíðum verið dramatískar. Hvort kannst þú betur við að leika grín eða dramatískar senur?

Ég kann bara jafnvel við bæði. Mér finnst grín dálítið skemmtilegt ef það er með smá dramatík í og dramatík er oft mjög fyndin. Það er mjög fyndið að sjá fullorðið fólk sem er dauft í dálkinn og er í fýlu, sérstaklega svona fullorðna menn sem eru í fýlu yfir einhverju skrítnu. Ólafur Ragnar í Vöktunum var náttúrulega bara með þroska á við lítið barn og gat farið í fýlu yfir GPS-tæki eða hverju sem er.

Ég var samt alltaf bara þekktur sem „vinur hans Sveppa“ af krökkunum. Sveppi er einhvern veginn svo mikil krakkafígúra, með krullaða hárið og þéttvaxinn.

Nú stendur þú fyrir uppistandssýningunni Steini, Pési og gaur á trommu með Þorsteini Guðmunds og Helga Svavari. Er þessi sýning einvígi milli ykkar Þorsteins upp á hvor sé fyndnari?

Nei, langt frá því. Við höfum skemmt áður saman hér og þar og eins og Steini orðaði svo skemmtilega einhvers staðar um daginn þá var ástæðan fyrir að hann hafði samband við mig sú að honum fannst kominn tími á að vinna með manni sem veit ekki hvernig mangó lítur út. Ég var sem sagt úti í búð að kaupa mangó en vissi ekkert hvernig það leit út en ég hitti konu Þorsteins fyrir tilviljun svo ég spurði hana bara hvernig þetta liti út. Svo sagði hún mannum sínum frá þessu og þá hugsaði hann víst: „Jæja, ég þarf að fara að vinna með Pétri.“ Hann var sem sagt með þessa hugmynd að við færum af stað með uppistandssýningu þar sem við skiptum tímanum á milli okkar og svo er þetta þannig að gaurinn á trommu brýtur þetta upp á meðan skiptingarnar eiga sér stað.



viðtalið

Mér skilst að þú eigir þér það sem áhugamál að keyra um með fellihýsið þitt og spjalla við ókunnugt fólk á tjaldstæðum. Um hvað tala fellihýsaeigendur saman?

Já, mér finnst gaman að keyra eitthvert út í buskann, opna fellihýsið og skoða landið, krakkarnir hafa líka gaman af því. Samræður fellihýsaeigenda eru náttúrulega mismunandi eftir því hvar maður er staddur í útilegunni. Í upphafi byrja menn að setja út á mann eða hjálpa manni að tjalda og segja þá svona: „Mér þykir þú nú brattur að tjalda hér.“ Og maður spyr hvers vegna og þá er svarað: „Nú, spáin er auðvitað þannig að hann á að blása beint í fangið á þér þarna í fyrramálið.“ Svo eru menn bara að hjálpa manni, maður er ekkert endilega að biðja um hjálp, en allt í einu eru komnir kannski þrír í það að hjálpa manni að setja niður tjaldhæla. Þetta er áhugaverður heimur.

Þú kynntist konunni þinni á MySpace. Hvort er hún skemmtilegri á netspjallinu eða í persónu?

Nú þarf ég að passa hvað ég segi (hugsar sig um), nei grín. Að sjálfsögðu er hún skemmtilegri í persónu, ég var nú alveg búinn að sjá hana áður en ég kynntist henni á netheiminum, svo ég vissi alveg að hún væri ekta, að hún væri ekki gaur eða eitthvað svoleiðis. Hún var reyndar alveg ótrúlega skemmtileg á netspjallinu. Við spjölluðum á þessu í allnokkrar vikur áður en við hittumst aftur.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Framtíðin er óskrifað blað og ég tek henni með opnum örmum. Ég veit aldrei hvað ég geri næst, það er allavega óráðið sem stendur, og markmiðið er bara að deyja sáttur maður. Ég er að vinna í því hægt og rólega.

Heldur þú að þú gætir sómað þér vel sem eftirmaður vinar þíns, Jóns Gnarr, sem borgarstjóri?

Nei, takk, ég er góður. Ég væri hins vegar til í að verða forsætisráðherra (hlær). Nei, eða sendiherra, ég held að það væri ekta ég. Maður gæti kannski verið sendiherrann í Svíþjóð, boðið einhverju flottu fólki og verið bara: „Yes, you must visit Iceland, it's very nice.“ Veistu hvernig maður kemst í svoleiðis starf?

ÞETTA EÐA HITT

Næturvaktin eða 70 mínútur? Annað er leikið og hitt ekki, varla hægt að bera það saman. Bæði mjög skemmtilegt og bæði börn síns tíma.



Uppistand eða sjónvarp? Skemmtunin er jafnmikil en ólík. Þú færð viðbrögð beint í æð í uppistandi en í sjónvarpinu færðu bara viðbrögð svona út undan þér.



Jón Ársæll eða kötturinn? Kötturinn, ekki spurning.



Hvort myndir þú frekar vilja vinna sem starfsmaður á plani á bensínstöð alla ævi eða stofna Grínskóla Péturs Jóhanns þar sem þú kenndir fólk að vera fyndið? Starfsmaður á plani. Það væri vonlaust fyrir mig að ætla að fara að miðla því í einhverjum skóla hvernig ætti að vera fyndinn.



Nuddinudd!

1414 App fyrir iPhone og Android



Notaðu nýja
1414 Appið í
snjallsímanum
eða spjald-
tölvunni



Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is



TÓNLIST, EYKMYNDIR, SJÓVAÐAR, LEIKIÐ, LITIR, ÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAÐ

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Lára Rúnarsdóttir
Á forsíðu: 19. ágúst 2010
Fyrirsögn viðtals: Allir komnir með leið á Amy Winehouse týpunni

„Jú, takk, ég er bara alveg ágætlega hress þessa dagana. Ég er í „rólegheitum“ að klára að semja efni á nýja plötu sem kemur út í náinni framtíð. Óþolinmóði Íslendingurinn í mér á voðalega erfitt með þessi rólegheit og íða ég alveg í skinninu eftir því að komast í hljóðver. Bransinn einkennist af bið þegar manni finnst maður tilbúinn að sigra heiminn. Það er þó allt á réttari leið. Við Láruflokkurinn, eins og við köllum okkur, erum búin að spila á tónlistarháttinum víða og fara í fyrstu sveittu tónleikaferðina um Þýskaland og Sviss. Fólk var búið að vara mig við að þetta væri heldur subbulegt en þar sem við höfum Excel-perra og barn í hópnum var skipulagið gott. Í þessari reisu fann ég að þetta er það sem ég vil og þrjá að gera. Það allra nýjasta frá okkur er ný útgáfa af stuðlaginu Hvar sem ég fer með Á móti Sól. Útgáfan fæst inni á Tónlist.is.“



LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson
 til Halldór Gylfason
 dagsetning 7. nóvember 2011 16:56
 titill LOL-mail Monitor

Heill og sæll gjæmle, gjæmle

Eru einhver gigz að detta inn couple of times?

Hentu á mig einum góðum og skoraðu á einhvern sniðugan.

Allra bestu Þróttarakveðjur,
 Jón Ragnar

Sorry gleymdi mér.

Hvað eiga kennarar og Liverpool sameiginlegt?
 Vinna aldrei um helgar

Skora á Pétur Örn Guðmundsson, söngvara

kv. Dóri



Hver er þessi Gotye?

Lagið Somebody That I Used to Know hefur notið gífurlegra vinsælda á meðal landsmanna að undanfögnu jafnt á netheiminum sem í útvarpi og læðist lagið upp í þriðja sæti listans. Lagið er flutt af tónlistarmanninum Gotye sem margir kunna að undra sig á hver í ósköpunum sé. Þarna er á ferðinni 31 árs gamall Belgí sem var alinn upp í Ástralíu frá tveggja ára aldri og hefur verið virkur í tónlistarlífi Ástrala í áratug. Lagið vinsæla er að finna á þriðju sólóplötu tónlistarmannsins sem kom út í ágúst á þessu ári en lagið gerði allt vitlaust í Ástralíu síðastliðið sumar og sló met með því að sitja í efsta sæti lagalistans þar í landi í átta vikur í röð. Þess má jafnframt geta að 1,6 milljón manna horfði á tónlistarmyndband lagsins á YouTube á fyrstu sex vikum þess þar og í dag hafa tæpar 15 milljónir skoðað það. Gotye til halds og trausts í laginu er nýsjáensk söngkona að nafni Kimbra.

Hérlandis hefur verið áberandi að íslenskir Facebook-notendur deili tónlistarmyndbandi lagsins með vinum sínum. Trúlega eiga stjórnurnar Ashton Kutcher, Lily Allen, Katy Perry og Nick Jonas einnig sína þætti í vinsældum lagsins en skömmu eftir að lagið kom út tóku þau öll upp á því að deila laginu á Twitter-síðunum sínum.

SJÓÐHEITT



LAGALISTINN

Vikan 10. - 17. nóvember 2011

- 1 **Of Monsters And Men**
King and Lionheart
 - 2 **Hjálmar**
Ég teikna stjórn
 - 3 **Gotye / Kimbra**
Somebody I Used To Know
 - 4 **Mugison**
Kletturinn
 - 5 **Adam Levine / Christina Aguilera**
Moves Like Jagger
 - 6 **Coldplay**
Paradise
 - 7 **Lady Gaga**
You And I
 - 8 **Jón Jónsson**
Wanna Get In
 - 9 **Florence & The Machine**
Shake It Out
 - 10 **Lay Low**
Brostinn strengur
- 11 **Foster The People** Pumped Up Kicks
 12 **Snow Patrol** Called Out In The Dark
 13 **LMFAO** Sexy And You Know It 14 **Jason Derulo** It Girl 15 **Jón Jónsson** Always Gonna Be There 16 **Rihanna / Calvin Harris** We Found Love 17 **Ingó / Fjallabræður** Ertu ástfanginn?
 18 **Valdimar Brotlentur** 19 **Sóley** Smashed Birds 20 **Mugison** Stingum af 21 **Adele** Make You Feel My Love 22 **Kelly Clarkson** Mr. Know It All 23 **1860** Orðsending að austan 24 **Land og synir** Hvað er títt? 25 **Gym Class Heroes / Adam Levine** Stereo Hearts 26 **Bruno Mars** Marry You 27 **Lay Low** Horfið 28 **Lana Del Ray** Video Games 29 **Katy Perry** Last Friday Night 30 **Flo Rida** Good Feeling

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylajan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



ELTI HRELL IRINN



Sólí Hólm
 @SoliHolm
 Sólí Hólm Official, Husband/Father/Writer/bodybuilder

SoliHolm Sólí Hólm
 @SteindijR Get ekki talið hvað ég hef oft gúglað þennan mann í drasl. Allt of forvitinn um hvaða veg hann valdi í lífinu.
 7. nóvember kl. 18:18

SteindijR Steindi JR
 Stundum líður mér alveg eins og Einari #áttavilltur
youtube.com/watch?v=Lr24RC...
 7. nóvember kl. 17:35

SoliHolm Sólí Hólm
 F-ing A hvað þetta verða geðveikir tónleikar hjá Bransa-Pabba mínum. Treysti mér til að gefa þeim 5 stjörnur fyrirfram.
midi.is/tonleikar/1/66...
 7. nóvember kl. 12:24

SoliHolm Sólí Hólm
 @Tleifs Hahaha já það þurfti að trekkja þetta soldið í gang. Gylfi klikkar seint.
 #Humor #kollegi
 5. nóvember kl. 18:53

Tleifs Tomas Leifsson
 @SoliHolm Flottur í HR! Var að læra upp á þriðju og hló mikið. Erfitt crowd en þú gerðir þetta vel. Skil þetta job enda uppistandari líka.
 5. nóvember kl. 17:53

SoliHolm Sólí Hólm
 Classic Tynes. #RIP
 4. nóvember kl. 14:33



SoliHolm Sólí Hólm
 Allir geðveikt hissa á því hvað @hvorvarhafliða er góður söngvari. #oldnews fyrir mér. Hef haft trú á honum í söng undanfarin 6 ár.
 #fm95blo
 4. nóvember kl. 13:55

SoliHolm Sólí Hólm
 Af gefnu tilefni vil ég koma á framfæri að Gylfi Ægis er ekki 54 ára poppari. Hann hefur aldrei verið í dópi, bara spritti og rakspíra.
 2. nóvember kl. 11:20

SoliHolm Sólí Hólm
 Djöfull held ég að það sé pirrandi að vera 54 ára poppari núna. Allir slíkir liggja undir grun.
 #Groaaleitfroarser
 2. nóvember kl. 10:42

SoliHolm Sólí Hólm
<http://twitpic.com/78ye7t> - Alveg glatað að eiga konu sem kaupir handa þér Macbook pro behind your back.
 #sugarmomandabeauty
 31. október kl. 08:16

SoliHolm Sólí Hólm
 Er að horfa á Boyz 'N The Hood. Myndin eldist vel en fötin ekki.
 24. október kl. 20:57

Börnin bregða á íslenskan leik

Þegar Þorsteinn Friðriksson sá börnin sín leika sér af ákafa í iPad og iPhone ákvað hann að stofna félagið Plain Vanilla sem nýverið sendi frá sér tölvuleik fyrir börn og nefnist hann The Moogies. Leikurinn er ætlaður börnum á aldrinum 2-6 ára og foreldrum þeirra. Leikurinn er einfaldur þar sem börnin geta valið á milli níu dýra. „The Moogies,“ sem þau hringja í. Dýrin tala við börnin á sínu eigin tungumáli og svo geta notendur búið til furðulega og hlægilega atburði með því að snerta hluti umhverfis dýrið sem þau hafa valið. Mikið hefur verið lagt í leikinn og hefur fjöldinn allur af listamönnum, foreldrum, barnasálfræðingum og börnum tekið þátt í að þróa hann. Leikurinn er nú fáanlegur í App Store. Íslenskt já takk, ekki satt?



TÓNLISTINN

Vikan 10. - 17. nóvember 2011

- 1 **Mugison**
Haglél
 - 2 **Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
 - 3 **Björk**
Biophilia
 - 4 **Hjálmar**
Órar
 - 5 **Lay Low**
Brostinn strengur
 - 6 **Coldplay**
Mylo Xyloto
 - 7 **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna**
Ég vil fara uppi sveit
 - 8 **Quarashi**
Anthology
 - 9 **Jón Jónsson**
Wait For Fate
 - 10 **GRM**
Þrjár stjórnur
- 11 **Ingimar Eydal** Allt fyrir alla 12 **Sólstafr** Svartir sandar 13 **Gus Gus** Arabian Horse 14 **Adele** 21 15 **Valdimar** Undraland 16 **Tom Waits** Svik, harmur og dauði 17 **HAM** Þú komst í hlaðið 18 **Úr söngleik Borgarlek-hússins** Galdrakarlinn í Oz 19 **Bubbi** Ég trú á þig 20 **Felix Bergsson** Þögul nóttin 21 **Helgi Björns & reiðmenn vindanna** Þú komst í hlaðið 22 **Greifarnir** Fyrstu 25 árin 23 **Sóley** We Sink 24 **Einar Scheving** Land mins föður 25 **Sykur** Mesópótamía 26 **Skálmöld** Baldur 27 **Steindinn okkar** Án djóks ... samt djók 28 **Ýmsir** 100 vinsæl barnalög 29 **Helgi Björns & reiðmenn vindanna** Riðum sem fjadinn 30 **Úr söngleik** Hárið

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur slútolur síðastliðinnar viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.

ÍSLENSKA

HAMBORGARAFABRIKKAN



RÚDOLF

JÓLABORGARINN
ER KOMINN Á HAMBORGARAFABRIKKUNA

Rúdolf er ómótstæðilegur hreindýraborgari af Héraði,
blandaður apríkósum og gráðaosti.

Borinn fram með sultuðu kanilrauðkáli og eplasalati til hliðar.

Rúdolf er engum líkur og hringir inn jólin á Hamborgarafabrikkunni!

Rúdolf fæst einungis fram að jólum á meðan birgðir endast.

BORDAPANTANIR

Í síma 575 7575
og á fabrikkann@fabrikkann.is

TAKE AWAY

- Mættu á Fabrikkuna og pantaðu
- Taktu matinn með
- Hámarksbiðtími 15 mín.

FLJÓTLEGT Í HÁDEGINU

Meðalbiðtími eftir mat á
Fabrikkunni er aðeins 8 mínútur
frá því að pöntun er tekin

2010



BESTA

Það er hálfvandráðalegt hvað ég nota þessa fjaðraflik mikið sem ég keypti í Nostalgiu. Enda passar hún eiginlega við allt.



NÝJASTA

Á veturna gerist ég algjör pelsaperrí enda fátt kvenlegra og hlýrra í kuldanum. Þetta er sá nýjasti og í mestu uppáhaldi í dag. Keyptur í Spúútník.



DÝRASTA

Þessir Sonia Rykiel-skór eru búnir til úr demöntum og gullkornum eða það hlýtur allavega að vera ástæðan fyrir því að þeir kostuðu sem samsvarar mánaðarlaunum mínum fyrir nokkrum árum.

Kókosolía allra meina bót

Anika Laufey Baldursdóttir er tvítug lífsglöð stúlka sem hefur gríðalegan áhuga á tísku. Hún starfar sem verslunarstjóri **Nostalgiu**, þar sem hún kaupir ófá fötin og kíkti **Stíllinn** á fjölbreytta fataskápinn hennar.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?
Fimm sinnum fjölbreyttur.

Áttu þér fyrirmynd hvað varðar tísku og fataval?
Ég fæ innblástur frá fólkinu í kringum mig og fylgist mikið með götutísku. Annars finnst mér Patti Smith og vinkonurmar Alexa Chung og Tennessee Thomas, mega flottar.

Hvar verslar þú helst fötin þín?
Nostalgiu, Spúútník, Einveru, Aftur, Public Beware og Beyond retro í London.

Fyrir hvernig tilefni finnst þér skemmtilegast að klæða þig upp?
Absalút fyrir þriðjudagsklúbbinn.

Hvaða snyrtivöru gætir þú ekki verið án?
Kókosolíu, hún er allra meina bót.

Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú?
Þorskur því það er hin sanna auðlind Íslandinga. Nú eða sauðkind af sömu ástæðu.

SKRÍTNASTA OG ÞÆGILEGASTA

Ótrúlegt en satt þá er þessi flennistóri kjóll, ekki náttkjóll heldur rándýr hönnunarflik sem ég stal af vinkonu minni og sef í.

Bleiku skórnir:
Mögulega skrítnustu og þægilegustu skór sem ég hef átt. Enda keyptir í stórfurðulegri búð í Asíu.



ELSTA

Mér þykir afar vænt um þessi Ray ban sóglæraugu og þrátt fyrir að hafa týnt ófáum glæraugum í gegnum árin hefur mér alltaf tekist að passa vel upp á þessi. Það fylgir því líka sköndin saga hvernig mér áskotnaðist þau.




FLOTTASTA

Þessi palliöttukjóll var búinn að stara lengi á mig í Nostalgiu þangað til ég gerðist svo djörf að mæta hann og kolféll fyrir honum. Algjör partýflik!



1986
Rokkar '80 lúkkið á frumsýningu *At Close Range*.



1991
Búin að stytta hárið og byrjuð að flippa í fatastílinum.



1996
Í látlásum fjólubláum maxi-kjól og búin að lita hárið dökkt.

Tískudrottning verður til

Sex And The City-stjarnan **Sarah Jessica Parker** ættu flestir að þekkja en hún hefur verið í kvikmynda-bransanum í nokkra áratugi. Á þessum langa tíma hefur fatastíllinn, förðunin og hárdúíð hennar breyst til muna og eingöngu til hins betra. **Stíllinn** skoðaði málið og rak sögu hennar frá árinu **1986**.



1999
Ljósu lokkarnir komnir aftur og fatavalið orðið örlítið penna.



2002
Ólétt, búin að klippa hárið stutt og stíllinn orðinn kvenlegri.



2004
Verðlaunahafi á Golden Globe, glæsileg að vanda.



2006
Hárið orðið slétt og förðunin faguð.



2008
Sætt með líflegt hár og í svörtum glitrandi kjól. Er augljóslega byrjuð að láta laga sig örlítið.



2011
Sarah glæsileg að vanda í Elie Saab-kjól á kvikmyndahátíðinni í Cannes í maí síðastliðnum.



ENEMANI / ISA / NIMATRO

„Loud noises!“
Brick Tamland, **Anchorman: The Legend of Ron Burgundy (2004)**.

FERILLINN



Ryan Gosling

Hæð: 185 sentimetrar.
Besta hlutverk: Noah í *The Notebook*.
Staðreynd: Var greindur með athyglisbrest í æsku og móðir hans kenndi honum í heimahúsi í eitt ár.
Eitruð tilvitnun: „Ég hugsa mikið um dauðann, ég held við gerum það öll. Ég hugsa ekki um sjálfsvíg sem möguleika heldur sem skemmtun. Það er áhugavert að hugsa til þess að maður geti stjórnað því hvernig maður yfirgefur þetta líf. Þetta er yfirvofandi hlutur sem þú getur stjórnað.“

1980 Fæðist þann 12. nóvember í London í Kanada.

1993 Byrjar í Walt Disney barnaþáttunum Mickey Mouse Club ásamt Justin Timberlake, Christina Aguilera og Britney Spears.

1998 Flytur til Nýja Sjálands til að leika titilhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Hercules: The Legendary Journeys.

2001 Leikur gyðing sem gerist nýnasisti í myndinni *The Believer* og hlýtur mikið lof fyrir frammistöðu sína.

2002 Leikur í *Murder by Numbers* ásamt Söndru Bullock en þau tvö rugla saman reitum þetta árið og 2003.

2004 Leikur aðalhlutverkið á mótí Rachel McAdams í hinn rómantísku *The Notebook*. Ári síðar byrja þau saman og eru saman með hléum til ársins 2008.

2006 Fer með hlutverk kennara sem er háður fíkniefnum í myndinni *Half Nelson*. Er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir vikið.

2007 Tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinni í myndinni *Lars and the Real Girl*.

2009 Einbeitir sér að tónlistinni. Gefur út plötu með hljómsveit sinni, *Dead Man's Bones*.

2010 Leikur í spuna-myndinni *Blue Valentine* og er í tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna.

2011 Leikur í fyrsta sinn grínhlutverk í *Crazy, Stupid, Love*. Sama ár leikur hann hinn þögla bílstjóra sem aldrei er nefndur á nafn í myndinni *Drive*.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Ides of March

Steven Myers er ungur hugsjónamaður sem þrátt fyrir ungan aldur er talinn einn allra besta kosningastjóri Bandaríkjanna, enda hefur hann alltaf náð markmiðum sínum fyrir þá frambjóðendur sem hann hefur unnið fyrir. Nú vinnur hann við framboð þingmannsins Mike Morris sem ætlar sér að verða kandídat demókrata til embættis forseta Bandaríkjanna. Hingað til hefur

allt gengið vel og allt sem virðist vanta er að fá stuðning eins lykilþingmanns við framboð Mikes. Þá fær Steven óvænt samtöl frá kosningastjóra andstæðingsins og gerir í framhaldinu sín mestu mistök á ferlinum sem leiða til þess að hann er rekinn úr vinnu fyrir framboðið. En hvað gerðist? Hver sveik hann og hvernig getur hann fengið vinnuna sína aftur?

Leikstjórn: George Clooney.
Aðalhlutverk: Ryan Gosling, George Clooney, Philip Seymour Hoffman, Paul Giamatti, Marisa Tomei og Jeffrey Wright.
Lengd: 101 mínúta.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 14 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Egilshöll, Kringlunni, Álfabakka, Akureyri og Keflavík.

Aðrar frumsýningar: Bakka-Baldur - African Cats - Human Centipede 2 - Tower Heist

FRUMSÝNDAR FÖS. 11. NÓVEMBER

f VILTU MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á *The Ides of March*, fylgstu með ...
facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR



Battlefield 3

Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 16+
Útgefandi: EA

Dómar: Gamespot 8 af 10 / IGN 9 af 10 / Eurogamer 8 af 10

Grafískt klám

Ef það er einhver leikur sem mann langar að horfa ástleitnum augum á og segja, „Þú ert fallegasti leikur sem ég hef á ævinni séð“, þá er það *Battlefield 3*. Leikurinn keyrir á glærýrri grafíkvél sem heitir Frostbyte 2 og má nánast tala um gæði hennar sem grafískt klám.

Söguþráður leiksins snýst um hryðjuverkamenn sem stolið hafa kjarnorkuvopnum og hafa uppi plön um að sprengja þær í stórborgum á borð við París og New York. Sagan er sögð frá mismunandi sjónarhornum og fara leikmenn í hlutverk ýmissa persóna sem varpa ljósi á hryðjuverkamennina og ill áform þeirra.

En í leikjum eins og *Battlefield 3* er það netspilunin sem skiptir mestu máli og eru góðu fréttirnar þær að netspilun leiksins er klárlega ein sú besta sem gerð hefur verið, en leikurinn inniheldur fjölmörg risastór borð sem eru mjög fjölbreytt og lifandi. Frostbyte 2 grafíkvélin tryggir að leikmenn geta eyðilagt töluvert stóran hluta borðanna og geta leikmenn til að mynda sprengt göt á byggingar og jafnvel jafnað sumar þeirra við jörðu. Aðalsmerki *Battlefield*-leikjanna hefur verið farartæki og er það undirstrikað svo um munar í *Battlefield 3*, en hægt er að hlamma sér niður í þotur, skriðdreka, jeppa, báta, þyrflur og fleira. Í netspiluninni er hægt að velja um nokkrar gerðir

hermanna til að spila sem, en þar á meðal eru verkfræðingar (viðgerðagaurar) sem geta gert við allskyns farartæki og lækna sem geta hjálpað særðum hermönnum. Allt sem leikmenn svo gera í netspiluninni skilar sér í stígunum sem aftur skila sér í betri vopnum og fleiri aukahlutum. Í PC-útgáfu leiksins geta allt að 64 spilað saman á netinu, en 24 eru hámarkið á PS3 og Xbox 360.

Eins og áður segir er grafík leiksins stórkostleg og það sama má segja um tónlist og talsetningu leiksins sem er í hæsta gæðaflokki svo ekki sé minnst á öll hljóð í byssum og farartækjum leiksins. Endingin er nánast endalaus, enda alltaf eitthvað nýtt að gerast í netspilun leiksins, bæði ný borð og nýir möguleikar detta þar inn reglulega.

Þannig að þeir sem eru í leit að nánú ástarsambandi við tölvuleik, sambandi þar sem útlit og innihald skipta máli, ættu að tékka á *Battlefield 3*.

Ólafur Þór Jónsson



Pitt er fitt

Þó svo að hafnarbolti sé einhver sú leiðinlegasta íþrótt sem stunduð er í dag hafa Bandaríkjamenn gert margar skemmtilegar kvikmyndir um íþróttina. *Moneyball* er þar engin undantekning. Hún er byggð á sönnum atburðum og leikur Brad Pitt framkvæmdastjórann Billy Beane. Billy stjórnar liðinu Oakland Athletics, smáliði sem getur ekki við keppt við stóru liðin þegar kemur að samningum leikmanna. Billy ræður því til sín tölfraeðigúrúinn Peter Brand (Jonah Hill) og stilla þeir saman upp liði af leikmönnum sem önnur lið hafa hafnað. Tölfraeðin sýnir þeim hvaða leikmenn skila mestu til liðsins og hverjir ekki. *Moneyball* er frekar týpísk bandarísk íþróttamynd sem kemur ekki mikið á óvart. Þrátt fyrir það er hún vel gerð kvikmynd í alla staði og þá sérstaklega handritið sem er einstaklega vel skrifað. Þegar Aaron Sorkin og Steven Zaillian koma saman verða engar sjoppubókmenntir til.


Glæsilegur Hoffman

Í *Moneyball* fer Brad Pitt með stórt hlutverk og snýst myndin í raun langmest um hans persónu. Pittarinn er, eins og allir vita, fjallmyndarlegur einstaklingur en einnig góður leikari. Það verður ekki tekið af honum. Hann skilar sínu mjög vel en mér fannst hann samt ekki sýna neinn stórleik. Óskarstilnefningu fær hann eflaust en ég held hann fái ekki stytta. Þið lásuð þetta fyrst hér í Monitor. Aðrir leikarar eru einnig góðir og þá sérstaklega Philip Seymour Hoffman. Hoffman er einn af fáum leikurum í Hollywood sem leikur ekki alltaf sömu títunum því hann virðist getað skellt sér í hvaða hlutverk sem er. Algjört kamelljón. Ég mæli því eindregið með þessari mynd því hún er falleg saga um mann sem lét ekki peninga stjórna sínu lífi. Speki sem aldrei verður þreytt.

Tómas Leifsson

MONEYBALL





HAFÐU HAUSINN Í LAGI

— MEÐ MOOSEHEAD



HÁRMÓTUNARVÖRUR FYRIR KARLMENN



ARMSTRONG 11.11.11.
Föstudagurinn 11. nóvember
Vegamót kl. 23:00



Alnafni tunglfara á Vegó

„Neil Armstrong er virkilega flottur og tæknilegur plötusnúður með virkilega flotta sögu. Hann hefur hitað upp fyrir Kanye, spilað á NBA „rookie shoutout“ og svo hefur hann fengið mikið lof fyrir sitt innlegg í hina svokölluðu mixtape menningu,“ segir Benedikt Freyr Jónsson, eða Benni B-Ruff eins og hann kallar sig þegar hann þeytir skífum. Benni og plötusnúðurinn Jay-O verða Neil Armstrong til halds og trausts á Vegamótum. „Mesta snilldin er náttúrulega að Neil hitaði upp og spilaði á tónleikum með Jay-Z frá 2008 til 2010, þannig að hann er með svakalega reynslu í því að halda uppi alvöru stuði fyrir tugþúsundir manna. Í framhaldi af tónleikaferðalaginu með Jay-Z hefur hann svo komið fram með stórstjörnum á borð við Beyoncé, NERD, Timbaland, Common, Colplay og Puff Daddy.“ Benni segir að allir sem vilji dansa megi ekki láta sig vanta á föstudaginn. „Ekki skemmir fyrir að hann er sonur Neil Armstrong sem var fyrstur á tunglið. Nei, ég segi svona, hann er ekkert sonur hans.“

fílófaxið

fimmtugur 10. nóv

EURO-NÖRDAR KOMA SAMAN
Hressó
20:00 Fáses, opinbert félag aðá- enda Eurovision, býður öllum áhugasömum á þematengt viðjökuvöld þar sem farið verður yfir efmínnilegustu lögin sem hafnað hafa í öðru sæti í keppninni. Tilvalið tækifæri til að koma út úr Eurovision-skápnunum og hitta aðra forfallna aðdáendur. Aðgangur ókeypis.

föstudagur 11. nóv

QUARASHI 11.11.11
Prikíð
21:00 Hinir ódauðlegu Quarashi-liðar standa fyrir útgáfuparti nýs safndisks sem kom út á dögnum undir nafninu Anthology. Sveitin gefur boðsmíða á netinu.



KIRIYAMA FAMILY
Faktorý
22:00 Kiriyama Family stendur fyrir tónleikum þar sem einn heppinn gestur mun ganga út með allan aðgangseyrinn. DJ Milla sér um upphitun. Miðaverð er 1.000 kr.

ERT ÞÚ AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

LOKAPRÓFIÐ

10. nóvember 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Ævar Þór Benediktsson Ef ég væri ekki Ævar Þór Benediktsson þá væri ég

Dú veist hver ég er af því að Ísland er svo lítið.

Glósubók Ævars vísindamanns
a) er meistaraverk. Engin þessa!
b) getur vakið upp hlátu (og grátur) Ef maður fer eldri.
c) eru allar glósurnar frá skóla-göngu minni. Var á málabandi.
d) er skemmtileg bók fyrir kátá krakka sem hafa gaman af alls kyns skemmtilegum þælingum.
e) er jafn góð í ár!

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Neil Patrick Harris til að leika mig en líklega yrði það samt Hilmar Guðjónsson. Hann þekktur svo vel minn inni man.

Þegar ég lék Óðin Viglundarson í Dagvaktinni
a) þá fannst mér óþægilegt að Georg væri skotinn í mér því að ég hef alltaf verið hrifinn af Jóni Gnarr og þetta ruglaði í tilfinningum mínum.
b) fann ég oft hvað við áttum mikið sameiginlegt, ég og Óðinn.
c) hló ég mikið af því að Ólafía Hrönn er svo myndin. Hún er hili-ous!
d) hugsaði ég hvað þetta væri frábær reynsla fyrir ungan leiklistarnema að vinna í svona stóru verkefni.
e) Þór ég í stress-black-out. Man elkest!

Það magnaða við daginn 04.04.04 var
a) að þá hafði ég ekki hugmynd um að Bubbi yrði fimmtugur 06.06.06.
b) að ég gifti mig í kirkjunni á Bessastöðum og hélt svo ball þar í framhaldinu.
c) að ég vann sms-kosninguna fyrir vinsælasta lagið á Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir lagið „Stærri en allt“ sem upprunalega heitir „Larger Than Life“ í flutningi Backstreet Boys. Það voru jafnkapötin og hvítu háfarar sem grótu löggæfingarnar.
d) að þversumma dagsins er 12 sem stendur einmitt fyrir fæðingarmánuðinn minn.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út: ÆVAR ÞÓR

a) Ævar Eiður, ævareidur maður
b) Örn Ævar Hjartarson, kylfingur
c) Ævar Örn Jóseppson, útvarpsmaður og rithöfundur
d) Ævar Andi, andi sem varir að eilífu

af því að Ævar Kvaran sést sig sjálf

SATT OG ÓSATT

Ég er ekki bara leikari því ég kann líka að spila á gítar og trommur. → og barye. En bara ef ég fæ að ó þá mig. Anna er ég smitlegur!

Það sem er skemmtilegast við að vera leikari er að geta flúið úr eigin skinni og verið einhver annar um stund. → Það skemmtilegast er að vinna með og læra af gætt og gefandi fólki.

Það sem fáir vita um mig er sonur hestahúslara og get rappað eitthvað og ég veit eldri - hvað þegar sé gálfinn er á net.

Þegar ég verð stór ætla ég að
a) verða forseti.
b) verða yfirmaður UN Women í Kabúl í Afganistan.
c) fljúga loftbelg í kringum hnöttinn.
d) finna eilífa hamingju.

a) Vel d) og d) þau tengjast algerlega!
Síðasta sms sem ég fékk var frá Hilmi Jenssni Þekktarbróður úr LHE og í því stóð „Hvern vinnu á ég að klippa? Þauða eða bláa?“

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa „Aldrei freysta einhverjum mi sem er eldri með bak á sér.“

Síðast en ekki síst

» Agnes Björt Andradóttir, söngkona, fílar:

Kvikmynd: Big Lebowski því the dude er svo svalur, Mean girls því að ég er svo einföld, Sódóma Reykjavík, bull sem meikar sens. En ég hef ekki einu sinni séð Star Wars þannig að ekki hlusta á mig.

Þáttur: Það eru ekki til betri þættir en Human Planet. Fyrir mér festa þeir niður þá stóru hugmynd að enginn upplifir lífið á sama hátt.

Bók: Símaskráin, hún nýtist í svo ótal margt! Til dæmis eru fjórar Símaskráir sem halda uppi rúminu mínu og þegar ég á ekki pening fyrir klósettappír þá er Símaskráin þarfasti þjónninn. Nei nei, mér finnst gaman að glugga í góðar ljóðabækur.

Plata: Ég bý til mixtape með sama artistanum en af mismunandi plötum því að mér finnst gaman að skapa mitt eigið andrúmsloft. Ég myndi ekki segja að ég hlustaði mikið á plötur, frekar artista. En ef ég ætti að nefna eina plötu myndi ég segja að platan Woops með Andrew sé í miklu uppáhaldi af mörgum mismunandi ástæðum.

Vefsíða: Stumble upon er ein af mínum uppáhaldssíðum. Þar vafrar kerfið með notandann um Internetið út frá hvar áhugi viðkomandi liggur.

Staður: Stundum vakna ég á nóttunni og get ekki sofið, þá er bara eitt í stöðunni. Nammilandíð í Hagkaup er opið allan sólarhringinn og þar er nammibarinn næstum jafnlangur og álverið í Straumsvík.



SAMSUNG



Sjáðu framtíðina!

Samsung Galaxy TAB er kominn í sölu og býður upp á ótakmarkaða möguleika!

Þú getur lesið Morgunblaðið, spilað tölvuleiki, svarað tölvupósti, stjórnað sjónvarpinu, horft á fréttir, skoðað YouTube, spjallað á Skype, uppfært Facebook, tekið myndir, skoðað myndir, lesið bók, fundið uppskriftir, fylgst með sjónvarpsþáttum, hlustað á tónlist, pantað miða í Hörpu, skoðað kortið, athugað veðrið, planlagt fríið, notað sem leiðsögukerfi og margt, margt fleira!



Loksins er kominn spjaltdölva sem opnar fyrir þér heiminn!

Núir tímar með Samsung Galaxy Tab


Söluaðilar um allt land

Samsung GALAXY Tab

KOMDU Í HR OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. DESEMBER



- Viðskiptafræði
- Verkfræði
- Tölvunarfræði
- Tæknifræði
- Sálfræði
- Lögfræði
- Kerfisfræði
- Íþróttfræði
- Iðnfræði
- Byggingafræði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. DESEMBER

www.hr.is